

# Stjórnarfundur LH 5. september 2006

## 15. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinnsson, Einar Ragnarsson, Sigfús Helgason, Sigurður Ævarsson, Guðný G. Ívarsdóttir, Halldór Halldórsson, María Þórarinsdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir. Einnig sátu fundinn Guðrún Valdimarsdóttir og Sigrún Ögmundsdóttir.

### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Töluverðar umræður voru um suma þætti fundargerðarinnar, sérstaklega hvað varðar liði 3 og 6-7. Nefndarmenn sammála um að nauðsynlegt er að setja skýrari reglur um skoðun á hestum á stórmótum.

Við lið 10 c skýrði Jón Albert frá fundi með landbúnaðarráðherra og formanni landbúnaðarnefndar og fleirum er varða fagråd í hrossarækt. Lítið kom út úr þeim fundi sem breytir stöðunni eins og hún er í dag. Eftir sem áður er lagabreyting nauðsynleg til þess að við höfum aðkomu að fagráði.

Við lið 10 d var ítrekað að nauðsynlegt sé að skilgreina eignarhald knapamerkjakerfisins. Fundargerð samþykkt.

### 2. Landsþing LH í Borgarnesi 27. og 28. október 2006

- c) **Tillögur frá stjórn LH.** Á síðasta landsþingi var samþykkt að skipa nefnd sem skoði val hesta inn á landsmót. Sigfús Helgason var formaður nefndarinnar og aðrir nefndarmenn; Kristbjörg Eyvindsdóttir, Lárus Dagur Pálsson, Sigurður Emil Ævarsson og Jón Gunnarsson. Lárus dagur Pálsson kom inn á fundinn til að taka þátt í umræðu um tillögu sem nefndin leggur til við stjórn að breyttu fyrirkomulagi. Sigfús lýsti tilurð tillögunnar og Lárus Dagur röksemdum fyrir breytingunum, s.s. að hestum fjölgar stöðugt í A og B flokki. Sigurði Ævarssyni, Lárusi Degi og Sigfúsi falið að ganga frá tillögunni fyrir þing.
- a) **Dagskrá þingsins.** Farið var yfir drög að dagskrá sem lá fyrir og var hún efnislega samþykkt.
- b) **Tillögur sem borist hafa.** Tillögur bárust frá tveimur hestamannafélögum, Andvara og Fáki. Lagðar fram til kynningar.
- c) **framhald.** Samþykkt að leggja fram tillögu á þinginu um fækkun þingfulltrúa frá stjórn. Samþykkt að leggja fram tillögu á þinginu um að skilafrestur á tillögum frá hestamannafélögunum verði 8 vikur fyrir þing (er núna 12) og dagskrá þingsins ásamt tillögum kynnt sambandsaðilum minn 2 vikum fyrir þing (er nú 4).
- d) **Gullmerkishafar.** Stjórnarmenn beðnir að skoða málið fram á næsta fund.
- e) **Boðsgestir.** Ákveðið að hafa sama hátt á með boðsgesti og áður.
- f) **Æskulýðsbíkar.** Æskulýðsnefnd LH kallar eftir skýrslum hestamannafélaganna – skiladagur er 29. september. Nefndin skilar síðan tillögum til stjórnar.
- g) **Gisting í Borgarnesi.** Útlit er fyrir að vandræði geti skapast með gistingu á þinginu en þingfulltrúum hefur fjölgað mjög mikið (eru nú 160) og greinilega meira um það að makar komi með á þingið. Þarf að skoða með heimamönnum í Borgarnesi.

### 3. Metumsókn í 100m skeiði

Stjórn ákvað að fresta afgreiðslu á meðan aflað er frekari gagna.

#### **4. Landsmót hestamanna í sumar**

Guðrún Valdimarsdóttir gerði grein fyrir stöðu mála hvað LM varðar. Áhorfendur voru heldur færri en reiknað var með og færri en á Hellu 2004. Kostnaðartölur hækka alltaf jafnt og þétt og sér ekki fyrir endann á því hvernig LM stendur undir þeim auka kostnaði. Endanlegar tölur liggja ekki fyrir en það lítur þó út fyrir að niðurstaðan verði jákvæð um ca. 5%. Ljóst er að landsmót getur ekki greitt starfsmanni laun í hálfu starfi miðað við óbreytt ástand, eins og ráð var fyrir gert með ráðningu framkvæmdastóra fyrir bæði LM og LH. Líklega þarf að huga að því að koma landsmóti fjárhagslega inn á skrifstofu LH og það þarf að setjast niður með stjórn LM ehf. sem fyrst og skoða stöðuna.

Forseti ÍSÍ skrifaði mjög jákvæða og góða grein á heimasíðu ÍSÍ um landsmótið.

#### **5. Appasionata, upplýsingar frá Tone Kolnes**

Jóni Alberti falið að kynna fulltrúa LH í úthlutunarnefnd átaksins málið.

#### **6. Fagráð í hrossarækt**

Sjá umræðu um málið í lið 1.

#### **7. Alþjóðleg gæðingadómaranefnd**

Erindi um að tilnefna tvo fulltrúa í nefndina var send gæðingadómarafélaginu í vor en ekki verið svarað. Ákveðið að skipa Sigurð Ævarsson og Sigurbjörn Bárðarson fyrir hönd LH.

#### **8. Önnur mál.**

##### **a. Uppskeruhátíð hestamanna**

Sólveig Ásgeirsdóttir kom á fundinn og skýrði frá undirbúningi hátíðarinnar og í hvaða farvegi sá undirbúningur hefur verið undanfarin ár. Guðnýju og Sólveigu falið að ganga frá samningi við Félag hrossabænda um samstarfið.

##### **b. Bæklingur um LH**

Stjórn LH ákvað að gerð verði kostnaðaráætlun fyrir kynningarefni um LH, sem liggi fyrir á næsta fundi.

*Fleira ekki fært til bókar  
Fundarritari: Einar Ragnarsson  
Fundi slitið 17:15*